

Svar

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

1. *Hvernig miðar flutningi verkefna til sýslumannsembætta samkvæmt aðgerðaáætlun um flutning verkefna til embætta sýslumanna sem gerð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 50/2014?*

Ráðuneytið leitaði árið 2014 til þeirra stofnana sem undir það heyra og óskaði eftir tillögum um flutning verkefna til embætta sýslumanna. Engar tillögur eða ábendingar komu þá fram um verkefni sem þótti hagkvæmt eða fært að flytja til sýslumannsembætta.

2. *Telur ráðherra unnt að flytja önnur verkefni er heyra undir hann til sýslumannsembætta en þau sem tiltekin eru í fyrrgreindri aðgerðaáætlun?*

Samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, er gert ráð fyrir því að eftirlit sem áður hefur verið hjá lögreglu flytjist að hluta til sýslumannsembætta. Þannig verður ráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að öll skráning, vinnsla og/eða eftirlit með heimagistingu geti farið fram hjá einu sýslumannsembætti.

3. *Hvaða aðferðum er beitt við ákvörðun um að flytja verkefni til sýslumannsembættis og hvað kemur einkum í veg fyrir flutning?*

Ráðuneytið og stofnanir þess fóru yfir verkefni sem þau sinna til að kanna hvort einhver þeirra féllu vel eða betur að starfsemi sýslumanna en starfsemi ráðuneytisins eða stofnana þess. Ljóst er að kostnaður og skipting fjárveitinga getur haft þýðingu við úrlausn þessara mála. Til skemmri tíma er í mörgum tilvikum kostnaðarminna að nýta eigin starfsmenn til að sinna verkefnum hjá ráðuneyti eða stofnun í stað þess að flytja þau til sýslumanna með fjárveitingu. Þegar um er að ræða ný verkefni hafa þau oft og tíðum í för með sér viðbótar-kostnað sem oft er mætt hjá ráðuneyti og stofnun án þess að viðbótarfjárveiting fylgi.

Stöðugt er unnið að umbótum og skoðun verkferla í ráðuneytinu og stofnunum þess þar sem verkefnum er velt upp og metið hvort þau eru nauðsynleg og ef svo er hvar fari best á því að vinna þau.